

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fjarðabyggð Þernunesi Þernunes



Dags eftirlits	18.10.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Steinunn Karlsdóttir
Fyrirtæki	Fjarðabyggð Þernunesi	Eftirlitsmaður	Hákon Hansson
Heimili	Sorpstöð Fjarðarbyggðar	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	4706982099	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Ragna D. Davíðsdóttir	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	741265,622 507688,102

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit þann 18. október var allur frágangur og umgengni á urðunarstað í Mýrdal góð. Tvö frávik fundust vegna krafna um botnþéttingu og jarðfræðilegan tálma. Staðan á þessu frávik er óbreytt frá 2016. Starfsleyfi rennur út 2018 og sótt hefur verið um endurnýjun. Sótt var um frest vegna hliðarþéttinga þar til nýtt starfsleyfi verður unnið og gefið út og fundin lausn varðandi hliðarþéttingar.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um Milli Umhverfisstofnunar og HAUST. Eftirlitsmaður var Hákon Hansson.

Farið var í eftirlitsferð 18. október 2017

Allt urðunarsvæðið, bæði í Auratúni og Mýrdal skoðað í fylgd Rögnu Dagbjartar Davíðsdóttur verkefnastjóra umhverfismála hjá Fjarðabyggð. Elsti hluti urðunarsvæðisins uppgróinn. Umgengni á urðunarstað er góð, skipulega er urðað í urðunarreinum, tvöfalt net er strengt yfir reinarnar þar til mokað er yfir þær. Ekki sjást merki um fok. Hauggasi er ekki safnað í Þernunesi. Búið er að sækja um nýtt starfsleyfi til Umhverfisstofnunar þar sem óskað er eftir breytingum vegna þess að urðunarstaðurinn tekur við minna en 50 þúsund tonnum af úrgangi á rekstrartímanum og sé hauggasmyndun því undir viðmiðunarmörkum fyrir söfnun hauggass.

Kröfur er varða botnþéttingu og jarðfræðilegan tálma hafa ekki verið uppfylltar. Frá upphafi hefur verið botnþétting en ekki eru hliðarþéttingar. Sótt hefur verið um nýtt starfsleyfi til Umhverfisstofnunar sem er í vinnslu en beið er ítarlegri upplýsinga frá sveitarfélaginu.

Hluti eftirlits felst í sýnatöku úr sýnatökubrunni, skv. samkomulagi starfsleyfishafa um að HAUST annist sýnatöku af fráveituvatni frá urðunarstaðnum í Mýrdal, þar sem almennt sorp er urðað og voru sýni tekin í eftirlitsferðinni. Óskað var eftir rannsókn í samræmi við sýnatökur fyrri ára. Sýnin voru tekin úr sérstökum sýnatökubrunni á frárennsli frá urðunarstaðnum. Niðurstöður fylgja í viðhengi. Einnig myndir teknar við eftirlit..

Á vettvangi kom fram að

- Girðing um svæðið var í góðu ásigkomulagi og í henni var ekki fokefni.
- Ekki sáust merki um fok utan girðingar urðunarstaðarins.
- Engar kvartanir hafa borist til eftirlitsaðila vegna reksturs urðunarstaðarins.

Frávik frá

Frávik frá þriðja lið, viðauka I í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs

Lýsing á frávik

Kröfur er varða botnþéttingu og jarðfræðilegan tálma hafa ekki verið uppfylltar í samræmi við ákvæði í viðauka I reglugerðar nr. 738/2003.

Gr. 2.8 í starfsleyfi

Skv. gr. 2.8 í starfsleyfi skal rekstraraðili starfrækja kerfi til að safna hauggasi og eftir fremsta megni leitast við að nýta gasið

en brenna það ellegar. Hauggassöfnun hefur ekki farið fram í Þernunesi.

ANNAÐ

Starfsleyfi urðunarstaðarins var gefið út 27. febrúar 2008 og gildir til 1,7,2018.

08.12.2017

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Steinunn Karlsdóttir
Steinunn Karlsdóttir